

Apríl 2026



Atvinnustefna Íslands

Aðgerðaáætlun 2026–2027

Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg — 101 Reykjavík
545 8400 | for@for.is

Atvinnustefna Íslands — Aðgerðaáætlun 2026–2027

Útgefandi: Stjórnarráð Íslands
Textavinnsla: Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-482-59-4

Apríl 2026

© 2026 – Forsætisráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Forgangsverkefni	6
Orku- og innviðaubreyting sem undirstaða sterkara hagkerfis	8
1. Kerfisbundin einföldun regluverks fyrir íslenskt atvinnulíf	9
2. Einföld stjórnsýsla og regluverk í umhverfis- og orkumálum	10
3. Skilvirkni við uppbyggingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku	11
4. Hagkvæm sérleyfisstarfsemi raforku	12
5. Markviss móttaka stórfjárfestinga til atvinnuþróunar	13
6. Afgreiðsla leyfisveitinga á Ísland.is	14
7. Löggjöf um rýni fyrir erlendar fjárfestingar	15
8. Rekstrarumhverfi gagnavera	16
9. Aukið efnahagslegt öryggi	17
Öflugur mannaður, þekking og færni fyrir atvinnulíf framtíðarinnar	18
1. STEM-áherslur í leik-, grunn- og framhaldsskólum	19
2. STEM-áherslur á háskólastigi	20
3. Námsefni, kennsluleiðbeiningar og aðstaða til náms og kennslu í STEM-greinum	21
4. Fjölgun nemenda í iðn- og tækninámi	22
5. Aukin tækifæri til náms	23
6. Bætt málsmeðferð umsókna um atvinnu- og dvalarleyfi erlendra sérfræðinga	24
7. Skattaafsláttur til handa aðfluttum sérfræðingum	25

Vísindi og nýsköpun sem drifkraftur verðmætasköpunar	26
1. Lífeyrissjóðum veitt aukið frelsi til fjárfestinga	27
2. Skilvirkari miðlun sparnaðar	28
3. Gervigreindarinnviðir í þágu atvinnulífs og samfélags	29
4. Stuðningur við nýsköpun á sviði kolefnisföngunar frá staðbundnum iðnaði	30
5. Bætt starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja	31
6. Markviss og öflugur stuðningur við rannsóknir og nýsköpun	32
7. Öflugir innviðir fyrir rannsóknir og nýsköpun í tækni- og hugverkaiðnaði	33
8. Líf- og heilbrigðistækni sem mikilvæg stoð í útflutningi	34
9. Samkeppnishæfni skapandi greina	35
Sátt um öflugar auðlindagreinar	36
1. Náttúru- og innviðagjald á ferðamannastöðum	37
2. Einföldun stjórnsýslu og regluverks í ferðaþjónustu	38
3. Markaðssetning Íslands sem ferðamannalands með skilvirkum hætti	39
4. Skýr lagaumgjörð um ábyrgð, öryggi og aðgengi á skilgreindum landsvæðum	40
5. Efling hafrannsóknna fyrir sjávarútveg	41
6. Endurskoðun regluverks og gjaldtöku í sjókvíaeldi	42
7. Sérstök umgjörð um landeldi sem taki tillit til sérstöðu þess	43
8. Endurskoðun fasteignaskatts fyrir landeldi	44
9. Stefna um kolefnisstjórnun	45
10. Aðgengi að erlendum mörkuðum varið og bætt	46

Inngangur

Atvinnustefna Íslands – Vaxtarplan til 2035 var samþykkt á fundi ríkisstjórnar 27. mars 2026. Samhliða var fyrsta aðgerðaáætlun stefnunnar, sem hér birtist, samþykkt. Aðgerðaáætlunin er til tveggja ára og stefnt er að því að ný heildstæð aðgerðaáætlun verði kynnt á um það bil tveggja ára fresti til að tryggja markvissa innleiðingu atvinnustefnunnar. Ráðherranefnd um efnahagsmál og sjálfstætt ráðgefandi atvinnustefnuráð fylgja aðgerðaáætlununum eftir.

Fyrsta aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna atvinnustefnunnar setur fram 35 aðgerðir sem fylgja eftir áherslum atvinnustefnunnar og markmiðum hennar. Aðgerðirnar eru á ábyrgðarsviðum tíu ráðuneyta sem er til vitnis um að góður árangur muni aðeins nást með samvinnu þvert á málefnasvið ráðuneyta Stjórnarráðsins og samstilltum aðgerðum.

Aðgerðaáætlunin skiptist í **fjögur forgangsverkefni** sem hvert um sig felur í sér 7-10 aðgerðir. Aðgerðum hvers forgangsverkefnis eiga sameiginlega að stuðla að framgangi markmiða þeirra.

Aðgerðirnar voru mótaðar í víðtæku samráði við hagaðila en sérstaklega var óskað eftir umsögnum með tillögum að aðgerðum þegar drög að atvinnustefnu Íslands voru birt í samráðsgátt stjórnvalda undir lok árs 2025.

Forgangsverkefni

Í þessari fyrstu aðgerðaáætlun atvinnustefnu Íslands til 2035 eru skilgreind fjögur forgangsverkefni sem ætlað er að styðja við kröftugan vöxt útflutnings sem byggir á atvinnugreinum með mikla framleiðni.

Sameiginlegt markmið þeirra er að styðja við útflutningsdrifinn hagvöxt, bæta alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands, einfalda regluverk og skapa skýrari og fyrirsjáanlegri umgjörð fyrir fjárfestingar. Forgangsverkefni endurspeglar jafnframt breytt alþjóðlegt viðskiptaumhverfi og aðlögun að breytingum vegna hraðra tæknibreytinga. Með þessum verkefnum er markmiðið að skapa forsendur fyrir nauðsynlegum umbótum og leggja traustan grunn að meiri framleiðni og aukinni velsæld til lengri tíma.





Orku- og innviðaumbreyting sem undirstaða sterkara hagkerfis miðar að því að tryggja nægt og samkeppnishæft framboð raforku, skilvirkt flutnings- og dreifikerfi og skýrari umgjörð fyrir leyfisferla og fjárfestingar. Markmiðið er að efla orkuöryggi, styðja við orkuskipti, bæta fyrirsjáanleika til fjárfestinga og einfalda rekstrarumhverfi atvinnulífsins. Jafnframt er stefnt að því að laða að fjárfestingu, bæta aðgengi að erlendum mörkuðum og styrkja efnahagslegt öryggi Íslands.



Öflugur mannaúður, þekking og færni til framtíðar miðar að því að skapa forsendur fyrir því að Ísland geti mætt örri tækniþróun og alþjóðlegri samkeppni. Áhersla er lögð á STEM-greinar, verk- og tæknimenntun, sveigjanlegar námsleiðir og aðlögun menntakerfisins að þörfum atvinnulífsins. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að laða að sérfræðinga á heimsmælikvarða og efla tæknilega og stafræna hæfni á íslenskum vinnumarkaði.



Vísindi og nýsköpun sem drifkraftur verðmætasköpunar miðar að því að bæta umgjörð rannsókna, tækniþróunar, menntunar og nýsköpunar og styrkja tengsl háskóla, atvinnulífs og stjórnvalda. Með markvissari og fyrirsjáanlegri stuðningi, bættum aðgangi að fjármagni og uppbyggingu innviða á lykilsviðum verður lagður traustari grunnur að aukinni verðmætasköpun og fjölbreyttari útflutningi.



Sátt um öflugar auðlindagreinar beinist að því að vinna að heildstæðum umbótum í umhverfi útflutningsgreina sem reiða sig á náttúruauðlindir til lands og sjávar. Skapa þarf sátt um þær með réttlátum og skynsamlegum auðlindagjöldum samhliða umbótum sem miða að aukinni verðmætasköpun, einföldun regluverks og lágmörkun umhverfisáhrifa.

Við hvert forgangsverkefni eru skilgreindar aðgerðir með skýrum markmiðum. Jafnframt er tilgreint hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmd, hver sé framkvæmdaaðili og hvenær áætlað er að aðgerð ljúki.

Orku- og innviðaubreyting sem undirstaða sterkara hagkerfis



Orku- og innviðaubreyting er stefnumarkandi forgangsverkefni sem er ætlað að stuðla að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins og sterkara hagkerfi til framtíðar.

Raforkuframboð og flutningskerfi raforku hafa ekki haldið í við þarfir atvinnulífsins. Afleiðingar eru óvissa, tafir á framkvæmdum og álag á innviði landsins. Markmið þessa forgangsverkefnis er að snúa þeirri þróun við og skapa grunn að traustu og áfallapolnu hagkerfi sem býr yfir nægri orku til að knýja ný verkefni og verðmætasköpun og styðja við orkuskipti.


Orku- og innviðaubreyting felur ekki eingöngu í sér aukna orkuöflun heldur einnig endurskoðun á stjórnslu, leyfisferlum, flutnings- og dreifikerfi raforku og bættu umgjörð fyrir fjárfestingar. Með skýrari forgangsröðun, einfaldari málsmeðferð og auknum fyrirsjáanleika verður lagður grunnur að uppbyggingu án þess að slaka á kröfum um gagnsæi og náttúruvernd.

Í alþjóðlegu samhengi er brýnt að Ísland sé ákjósanlegur áfangastaður fyrir fjárfestingar. Markviss móttaka stórfjárfestinga, skýr umgjörð um erlendar fjárfestingar og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi eru lykilatriði í að skapa nauðsynlegt traust og laða að verðmætaskapandi starfsemi. Samhliða verður ráðist í kerfisbundna einföldun regluverks fyrir íslenskt atvinnulíf til að styðja við alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands.

Í ljósi breyttra aðstæðna og aukinnar óvissu á sviði alþjóðaviðskipta þarf að verja og efla aðgengi að mörkuðum erlendis, tryggja aðfangakeðjur og byggja upp áfallþol hagkerfisins.



1. Kerfisbundin einföldun regluverks fyrir íslenskt atvinnulíf



Markmið aðgerðarinnar er að einfalda regluverk sem varðar atvinnulífið án þess að það komi niður á þeim almannahagsmunum sem búa að baki viðkomandi löggjöf. Aðgerðin snýr m.a. að ýmsum beinum og óbeinum kostnaði sem fyrirtæki verða fyrir vegna laga, reglna og stjórnsýsluframkvæmdar sem hægt er að draga úr eða afstýra.

Þess verður gætt við upptöku og innleiðingu nýrra EES-reglna að þar sé ekki gengið lengra í þýngjandi kröfum á atvinnulífið en nauðsyn krefur. Einföldun reglna sem nú er í undirbúningi innan Evrópusambandsins verður sett í forgang þegar kemur að upptöku í EES-samninginn og innleiðingu hér á landi. Jafnframt verður farið kerfisbundið yfir íslenskt regluverk að öðru leyti eftir þörfum. Gæðaeftirlit vegna nýrrar löggjafar og reglusetningar verður bætt, þ.m.t. verður hugað að hlutverki ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur.

TÍMARAMMI 2026-2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Forsætisráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Öll ráðuneyti.

TENING VÍÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Mælanlegur og sýnilegur árangur um minni reglubyrði sem dregur úr eða kemur í veg fyrir kostnað fyrir íslenskt atvinnulíf, bæði gegnum innleiðingu nýrra gerða og endurskoðun eldri löggjafar.

2. Einföld stjórnsýsla og regluverk í umhverfis- og orkumálum



Markmið aðgerðarinnar er að styðja uppbyggingu orkuinnviða með því að einfalda, samræma og þróa leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Í aðgerðinni felast markvissar umbætur og einföldun leyfisferla sem varða uppbyggingu raforkuinnviða og aðrar innviðaframkvæmdir sem mikilvægar eru fyrir orkuskipti. Megináhersla verður lögð á að stytta málsmeðferðartíma, skýra ábyrgða- og verkskiptingu og draga úr tvíverknaði milli stjórnvalda, án þess að gefið verði eftir í kröfum um vandaða málsmeðferð, náttúruvernd og gagnsæi.

Lagabreytingum sem þegar er unnið að verður fylgt eftir með frekari útfærslum og reglugerðarbreytingum til að tryggja að umbæturnar skili þeim árangri sem stefnt er að. Meðal verkefna er að innleiða notendamiðaða stjórnsýsla þar sem einn afgreiðslustaður leiðir samskipti við umsækjendur og samhæfir aðkomu þeirra stjórnvalda sem fara með leyfisveitingar.

Umhverfis- og orkustofnun verður falið að nýta heimildir til sameiningar leyfa, aukinnar notkunar bindandi umsagna og skýrari röð ákvarðana með áherslu á að hraða afgreiðslu leyfa. Við útfærslu aðgerðarinnar verður horft til þróunar regluverks í Evrópu, þar sem aukin áhersla er lögð á að hraða uppbyggingu orkuinnviða í þágu loftslagsmarkmiða og efnahagslegs öryggis.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Umhverfis- og orkustofnun.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Aukið áfallaþol; Samdráttur í losun; Auðlindir í allra þágu; Einföldum regluverk; Styrkjum innviði.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Reglugerðabreytingar sem leiða af sér mælanlegan og sýnilegan árangur sem felst í hraðari uppbyggingu orkuinnviða og styttri málsmeðferðartíma leyfisveitinga í umhverfis- og orkumálum án þess að rýra kröfur um umhverfisvernd og vandaða stjórnsýslu.

3. Skilvirkni við uppbyggingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku



Markmið aðgerðarinnar er að tryggja framgang innviðaframkvæmda í flutnings- og dreifikerfi raforku með breytingum á raforkulögum sem varða aðgang að landi og eignarnám sem koma eiga í veg fyrir að ágreiningur stöðvi nauðsynlegar framkvæmdir.

Áhersla verður lögð á breytingar á lögum sem hafa að markmiði að samræma heimildir sérleyfisfyrirtækja (Landsnets og dreifiveitna) við heimildir fjarskiptafyrirtækja skv. lögum um fjarskipti. Með breytingunni verður landeigenda skylt að þola lagningu mannvirkja ef nauðsyn krefur, enda komi fullar bætur fyrir. Þá verður afnumið núverandi bann við að hefja framkvæmdir áður en samkomulag hefur náðst um endurgjald eða um eignarnám. Þess í stað verður lögfest að ágreiningur um bótafjárhæð eða lögmæti eignarnáms geti ekki hindrað framgang framkvæmda, enda hafi ráðherra veitt heimild til eignarnáms skv. 23. gr. raforkulaga og að framkvæmdaaðili hafi sett fullnægjandi tryggingu fyrir væntanlegum bótum.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í samstarfi við Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Einföldum regluverk; Aukið áfallapól; Auðlindir í allra þágu.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagabreytingar sem tryggja framgang uppbyggingar flutnings- og dreifikerfis raforku, dregur úr töfum vegna ágreinings um landréttindi og auka fyrirsjáanleika, án þess að skerða rétt landeigenda til fullra bóta.

4. Hagkvæm sérleyfisstarfsemi raforku



Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að kostnaðar- og regluumhverfi sérleyfisstarfsemi í raforkukerfinu styðji við alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og langtíma hagsmuni þjóðarbúsins.

Ráðist verður í gerð greiningar á samkeppnishæfni raforkuflutnings og dreifingar með hliðsjón af sérleyfisrekstri. Tilgangurinn er að stuðla að betri skilningi á samspili sérleyfisfyrirtækja og samkeppnisfyrirtækja og áhrifum þess á samkeppnishæfni atvinnulífsins. Greiningin tekur til helstu kostnaðar- og ábataþátta sérleyfisstarfseminnar, þar á meðal regluumhverfis, leyfisferla, arðsemiskröfu og annarra þátta sem hafa áhrif á gjaldskrár og fjármögnun innviða.

Greiningin mun jafnframt taka mið af stöðu flutnings- og dreifikerfa, skyldum þeirra samkvæmt raforkulögum, íslenskum aðstæðum og viðeigandi stefnum ríkisins, svo sem orkuöflunarstefnu, stefnu um uppbyggingu flutningskerfis, byggðaþróun og stefnu á sviði loftslagsmála. Niðurstöður greiningarinnar verða nýttar sem grunnur fyrir áframhaldandi stefnumótun og mögulegar breytingar á regluverki og framkvæmd með það að markmiði að efla samkeppnishæfni þjóðarbúsins til lengri tíma.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í samstarfi við Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Einföldum regluverk; Uppbygging um land allt; Auðlindir í allra þágu.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Greining á samkeppnishæfni sérleyfisstarfsemi í raforkukerfinu sem dregur fram helstu áhrifaþætti kostnaðar, ábata og regluumhverfis og leggur grunn að valkostum til að ná markmiðum aðgerðarinnar.

5. Markviss móttaka stórfjárfestinga til atvinnuþróunar



Markmið aðgerðarinnar er að liðka fyrir atvinnuþróun og nýfjárfestingum um allt land og að gera Ísland að aðlaðandi og samkeppnishæfum kosti fyrir stórfjárfestingar.

Ráðist verður í heildstæða greiningu á regluverki, ferlum og skilyrðum sem varða erlendar fjárfestingar með það að markmiði að einfalda ferla, samræma kröfur og innleiða skilvirka, skýra og samræmda stafræna málsmeðferð.

Opnuð verður aðgengileg upplýsingagátt fyrir fjárfesta sem er ætlað að draga úr óvissu, töfum og umsýslukostnaði og styðja við verkefni allt frá hugmyndastigi til framkvæmdar.

TÍMARAMMI Fyrir árslok 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Forsætisráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Starfshópur um stórfjárfestingar í samstarfi við Íslandsstofu, fjármála- og efnahagsráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, innviðaráðuneytið, landshlutasamtök sveitarfélaga og lykilstofnanir (t.d., Umhverfis- og orkustofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skattinn).

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Einföldum regluverk; Eflum vísindi og nýsköpun; Uppbygging um allt land.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Fullbúin upplýsingagátt fyrir fjárfesta.

6. Afgreiðsla leyfisveitinga á Ísland.is



Markmið aðgerðarinnar er að einfalda og hraða leyfis- og skipulagsferlum, auka gagnsæi og fyrirsjáanleika og bæta þannig þjónustu við atvinnulífið samhliða hagræðingu í umsýslu hjá hinu opinbera.

Þróuð verður heildstæð gátt á Ísland.is þar sem rafrænar umsóknir, skráningar og gagnaskil fara fram með rauntímayfirliti um stöðu mála. Áhersla verður lögð á notendavænt ferli og samþættingu milli stofnana þannig að dregið verði úr tvíverknaði, töfum og umsýslukostnaði. Þannig verða gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu aukin.

TÍMARAMMI Vor 2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Forsætisráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Starfshópur um þjónustugátt, Stafrænt Ísland í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, ýmsar stofnanir og Samtök atvinnulífsins.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Einföldum regluverk.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma ráðuneyta. Mögulegar fjárfestingar í stafvæðingu hjá stofnunum.

AFURÐ Stafræn gátt sem gefur fyrirtækjum möguleika á að sækja um leyfi, senda skráningar og skila gögnum vegna margs konar leyfisskyldrar starfsemi. Stefnt að því að slík umsýsla verði alfarið stafræn vorið 2027.

7. Löggjöf um rýni fyrir erlendar fjárfestingar



Markmið aðgerðarinnar er að hér á landi verði skýr og lögbundinn rammi um rýni á erlendum fjárfestingum líkt og innan annarra EES-ríkja.

Unnið verður að heildarlöggjöf um rýni á fjárfestingum erlendra aðila undir formerkjum þjóðaröryggis og allsherjarreglu. Lögunum er ætlað að tryggja faglega, skilvirka og fyrirsjáanlega málsmeðferð, með sérstakri áherslu á viðkvæma innviði og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi. Slíkur rammi um faglega rýni á erlendum fjárfestingum er ekki til staðar í dag en með því að gera umgjörðina skýrari, skilvirkari og fyrirsjáanlegri má auka traust á íslensku fjárfestingaumhverfi.

Samhliða vinnu að löggjöfinni verða undirbúnar reglugerðir og leiðbeiningar með stoð í lögunum. Verða þær gefnar út á íslensku og ensku í kjölfar gildistöku laganna.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Atvinnuvegaráðuneytið leiðir vinnu í samráði við önnur ráðuneyti.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum; Einföldum regluverk; Aukið áfallaþol.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Árlegur kostnaður áætlaður 30–40 m.kr. Innheimta þjónustugjalds kemur til móts við þann kostnað.

AFURÐ Ný löggjöf.

8. Rekstrarumhverfi gagnavera



Markmið aðgerðarinnar er að tryggja skýrt regluverk um rekstur og skattskil gagnavera.

Aðgerðin felur í sér greiningu og mótun regluverks sem á að stuðla að skýrara rekstrarumhverfi gagnavera hér á landi.

Gagnaveraiðnaður er fremur nýtilkominn og nokkur álitafni bíða úrlausnar svo sem varðandi skattskil gagnavera og skattalega meðferð starfseminnar. Með skýrari lagaumgjörð verður dregið úr réttaróvissu og fyrirsjáanleiki í rekstrarumhverfi greinarinnar aukinn, sem er sérstaklega mikilvægt í ljósi umfangsmikilla fjárfestinga og alþjóðlegrar starfsemi. Skýr umgjörð mun jafnframt stuðla að bættri samkeppnisstöðu Íslands og auka traust fjárfesta til lengri tíma.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Fjármála- og efnahagsráðuneytið.


FRAMKVÆMDAÐILI Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Orkusækinn iðnaður.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Greining og laga- og reglugerðarsetning.

9. Aukið efnahagslegt öryggi



Markmið aðgerðarinnar er að skilgreina og efla efnahagslegt öryggi Íslands í ljósi aukinnar óvissu á sviði alþjóðaviðskipta.

Skipaður verður starfshópur með fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífs og háskólasamfélags sem falið verður að skilgreina hagsmuni Íslands í utanríkisviðskiptum með hliðsjón af markmiðum stjórnvalda um efnahagslegt öryggi. Starfshópnum verður jafnframt falið að móta tillögur um ráðstafanir sem styðja við efnahagslegt öryggi til framtíðar.

Íslenskt atvinnulíf og velsæld samfélagsins eru háð greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum og aðföngum. Við breyttar aðstæður, þar sem viðskipti eru í auknum mæli nýtt sem tæki í milliríkjasamskiptum, er mikilvægt að móta heildstæða sýn á efnahagslegt öryggi og áfallþol samfélagsins. Afurð aðgerðarinnar verður skýrsla með greiningu á helstu áhættuþáttum og tillögum að aðgerðum.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Utanríkisráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Utanríkisráðuneytið og starfshópur um utanríkisviðskipti og efnahagslegt öryggi Íslands skipaður fulltrúum frá utanríkisráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, atvinnulífinu og háskólasamfélaginu.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Aukið áfallþol; Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Greining. Á grundvelli hennar verður ráðist í aðgerðir.

Öflugur mannauður, þekking og færni fyrir atvinnulíf framtíðarinnar



Markmið forgangsverkefnisins er að fylgja markvisst eftir almennri stefnuáherslu atvinnustefnunnar um að tryggja færni til framtíðar. Aðgerðir þessa forgangsverkefnis lúta að umbótum í mennta- og atvinnumálum til að tryggja að íslenskt atvinnulíf búi yfir þeirri þekkingu og færni sem nauðsynleg er í síbreytilegu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Staðan í menntakerfinu kallar á aðgerðir. Hlutfall ungmenna sem ljúka námi einungis með grunnskólapróf er hærra en að meðaltali í öðrum OECD-ríkjum, hlutfall nemenda í verk- og starfsháttum er með því lágsta í Evrópu og hlutfall háskólanema í STEM-greinum og heilbrigðisvísindum er lægra en á öðrum Norðurlöndum. Árangur nemenda í PISA hefur dvínað og hlutfall afburðanemenda er lágt í alþjóðlegum samanburði. Þetta bendir til þess að styrkja þurfi grunnstoðir menntakerfisins. Tryggja þarf öllum börnum traustan grunn í læsi, stærðfræði og gagnrýnni hugsun. Á þeim grunni er unnt að byggja upp þekkingargrunn sem verður undirstaða nýsköpunar, tækniþróunar og þróunar nýrra lausna.

Raunvísindi, tæknigreinar, verkfræði og stærðfræði (STEM-greinar) eru mikilvægar fyrir nýsköpun og tækniþróun. Í samræmi við markmið atvinnustefnunnar verður unnið að því að hækka hlutfall háskólamenntaðra í STEM-greinum til að styðja við vöxt þekkingar- og tæknidrifinna atvinnugreina. Vaxandi eftirspurn eftir færni á þessum sviðum verður mætt með auknum tækifærum í menntakerfinu, ásamt markvissum aðgerðum til að bæta námsárangur og draga úr brotthvarfi.

Jafnframt verður lögð sérstök áhersla á að efla starfs-, iðn- og tæknigreinar og þróa sveigjanlegar og starfstengdar námsleiðir í takt við þarfir samfélags og atvinnulífs. Uppbygging verknáms og tæknilegra innviða um land allt styður við jafnt aðgengi að menntun og styrkir stoðir atvinnulífsins.

Samkeppnishæfni Íslands ræðst einnig af því að hér starfi sérfræðingar á heimsmælikvarða. Brýnt er að laða erlenda sérfræðinga til landsins með skilvirkri og fyrirsjáanlegri málsmeðferð og samkeppnishæfum kjörum, ásamt skýrum og vönduðum ferlum um hæfni- og færnimat á íslenskum vinnumarkaði.

Leggja þarf höfuðáherslu á að íslenskt atvinnulíf búi yfir færni til að nýta gervigreind og aðra nýja tækni á ábyrgan og árangursríkan hátt. Skapa þarf skilyrði til að fanga tækifæri þessarar tæknibyltingar um leið og gætt er að siðferðilegum álitafnum og mögulegum hættum. Með því að styrkja stafræna hæfni og tæknilæsi vinnuaflsins má auka framleiðni og verðmætasköpun til framtíðar.

1. STEM-áherslur í leik-, grunn- og framhaldsskólum



Markmið aðgerðarinnar er að efla áherslur á STEM-greinar í aðalnámskrám, viðmiðunarstundaskrá og námsbrautum í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Námskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla verða endurskoðaðar með það að markmiði að leggja meiri áherslu á færni nemenda í STEM-tengdum námsgreinum. Jafnframt verða gerðar breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla til að auka vægi STEM-greina til að skapa aukið svigrúm fyrir kennslu þeirra.

Að auki verða viðmið um einingafjölda í kjarnafögum og STEM-greinum í námi á framhaldsskólastigi endurskoðuð og gefnar út viðmiðunarnámsbrautir með sérhæfingu í STEM-greinum og heilbrigðistengdu námi. Gætt verður að samfelli á milli viðmiða á framhaldsskólastigi og háskólanáms í STEM-greinum.

Mótuð verður betri og markvissari umgjörð um menntun og starfsþróun kennara í samstarfi við háskólasamfélagið og sveitarfélög. Sérstök áhersla verður lögð á að efla fagþekkingu kennara í STEM-greinum, meðal annars til að styrkja kennslu í náttúrufræði og stærðfræði á öllum skólastigum.

Núverandi framboð símenntunar og starfsþróunar verður greint og metið með það að markmiði að þróa árangursíkar aðferðir til að styðja við faglega þróun kennara.

TÍMARAMMI Endurskoðun verði lokið fyrir árslok 2026. Innleiðing breyttrar viðmiðunarstundaskrár og námsbrauta hefjist í áföngum í byrjun skólaárs 2027–2028 og hafi verið að fullu lokið í byrjun skólaárs 2030–2031.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Mennta- og barnamálaráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Mennta- og barnamálaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, skólasamfélagið og atvinnulífið.

TENING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Tryggjum færni til framtíðar; Eflum vísindi og nýsköpun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Kostnaður vegna endurmenntunar kennara 300 m.kr. á ári.

AFURÐ Endurskoðaðar aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla með meiri áherslu á STEM-tengdar námsgreinar. Fleiri kennarar með fagþekkingu í STEM-greinum.

2. STEM-áhersla á háskólastigi



Markmið aðgerðarinnar er að fjölga brautskráðum nemendum með STEM-menntun á háskólastigi.

Aðgerðin beinist í fyrsta lagi að því að fjölga fagmenntuðum kennurum í STEM-greinum á öllum skólastigum í samstarfi við skólasamfélagið og sveitarfélög. Áhersla verður lögð á aukna færni í STEM-greinum í kennaranámi og endurmenntun kennara, auk þess sem boðið verður upp á sveigjanlegar námsleiðir fyrir kennara sem vilja efla færni sína í umræddum greinum. Framboð símenntunar og starfsþróunar verður aukið og endurskoðað, með það að markmiði að styðja við faglega þróun kennara. Áhersla verður lögð á að skapa hvata fyrir fólk með STEM-menntun á háskólastigi til að bæta við sig kennsluréttindum í viðkomandi greinum.

Í öðru lagi verður stuðningur aukinn við nýnema í STEM-greinum á háskólastigi, með undirbúningsnámskeiðum og sveigjanlegum námsleiðum. Unnið verður að því að styrkja grunnþekkingu, minnka líkur á brottfalli og auka samfellu á milli háskóla og framhaldsskóla, einkum á sviði STEM-greina.

Í þriðja lagi verða þróaðar leiðir í samstarfi við háskólana til að styrkja samstarf háskóla og atvinnulífs í STEM-greinum.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Tryggjum færni til framtíðar; Eflum vísindi og nýsköpun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 200 milljónir á ári á gildistíma áætlunar.

AFURÐ Fjölgun brautskráðra háskólastúdenta úr STEM-greinum.

3. Námsefni, kennsluleiðbeiningar og aðstaða til náms og kennslu í STEM-greinum



Markmið aðgerðarinnar er að auka framboð á vönduðu námsefni og námsgögnum og bæta aðstöðu til náms og kennslu í STEM-greinum. Sérstök áhersla verður lögð á að námsefni í STEM-greinum á framhaldsskólastigi verði nemendum að kostnaðarlausu.

Aðgerðinni er ætlað að styðja við kennslu í STEM-greinum með afburða námsefni, kennsluleiðbeiningum og verkefnum sem tengjast íslenskum aðstæðum og framtíðarfærni. Námsefni og leiðbeiningar verða samræmd áherslum í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Í samstarfi við sveitarfélög verður unnið að uppbyggingaráætlun sem á að tryggja að nemendur á öllum skólastigum njóti góðrar aðstöðu til náms í STEM-greinum. Áhersla verður lögð á þróun kennsluaðferða í STEM-greinum og markvissa uppbyggingu STEM-vistkerfis, að fyrirmynd sambærilegra verkefna erlendis og í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á sviði STEM.

Markmiðið er að gera STEM-nám aðgengilegt og framkvæmanlegt í skólum með því að styðja við kennara með tilbúnu efni, faglegum leiðbeiningum og fjölbreyttum verkefnum. Þá verður lögð áhersla á að efla framtíðarfærni nemenda, svo sem lausnamiðaða gagnrýna hugsun, upplýsingalæsi, tæknilæsi og ábyrga notkun tækni og gervigreindar.

TÍMARAMMI 2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Mennta- og barnamálaráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, mennta- og barnamálaráðuneytið og sveitarfélögin.

SAMSTARFSADILAR Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, skólasamfélagið og atvinnulífið.

TENING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Tryggjum færni til framtíðar; Eflum vísindi og nýsköpun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 300 m.kr. á ári á gildistíma aðgerðaáætlunarinnar.

AFURÐ Aukið framboð á námsefni og námsgögnum sem bæta aðstöðu til náms og kennslu í STEM-greinum.

4. Fjölgun nemenda í iðn- og tækninámi



Markmið aðgerðarinnar er að fjölga nemendaígildum í iðn- og tækninámi á næstu árum.

Nýr 30.000 m² Tækniskóli verður reistur í Hafnarfirði sem mun stórbæta aðstöðu og efla iðn-, starfs- og tækninámi á Íslandi. Reiknilíkan framhaldsskóla verður endurskoðað með það að markmiði að tryggja að námsframboð framhaldsskóla styðji við atvinnustefnu og samfélagsleg markmið, svo sem að fjölga iðn- og tæknimenntuðum, efla nám sem undirbýr nemendur undir STEM-nám á háskólastigi og efla nám í heilbrigðisgreinum á framhaldsskólastigi.

Samhliða verður fjárfest í uppbyggingu verknámsskóla víðs vegar um landið til að styrkja innviði iðn- og tæknimenntunar og bæta aðstöðu nemenda í nánú samstarfi við viðeigandi sveitarfélög.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Mennta- og barnamálaráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Mennta- og barnamálaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Framhaldsskólar og samtök aðila vinnumarkaðarins.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Tryggjum færni til framtíðar; Eflum vísindi og nýsköpun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 500 m.kr. vegna nemendaaukningar.

AFURÐ Árlegur fjöldi brautskráðra úr iðn- og tækninámi aukist. Bætt aðstaða verknámsskóla víðs vegar um landið.

5. Aukin tækifæri til náms



Markmið aðgerðarinnar er að auka tækifæri til náms í takti við þróun samfélagsins. Í því felst að sveigjanlegum námsleiðum á mismunandi skólastigum verður fjölgað, fólki á vinnumarkaði gert auðveldara að bæta við sig þekkingu og færni auk þess sem auðveldara verði að fá færni úr starfi metna til styttingar náms eða réttinda.

Stofnað verður til nýs samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um starfsþróun og símenntun til að mæta örum tæknibreytingum og þörfum samfélagsins til framtíðar.

Stutt verður við aukið framboð örnáms á háskólastigi og styttri námsleiðir á framhaldsskólastigi, m.a. með veitingu fjármagns til þróunar örnáms í samstarfi við atvinnulífið. Innleiddir verða hvatar í fjármögnunarlíkön skóla til að auka framboð örnáms og heimild opinberra háskóla til gjaldtöku vegna örnáms verður lögfest.

Umsýsla örnáms og raunfærnimats verður samræmd og settar fram skýrar leiðbeiningar um framkvæmd þess.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Skólar og samtök aðila vinnumarkaðarins.

TENING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Tryggjum færni til framtíðar; Uppbygging um land allt.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 200 milljónir kr. árlega á gildistímabili aðgerðaáætlunar vegna eflingar örnáms, sí- og endurmenntunar á háskólastigi (MNH).

AFURÐ Aukið framboð á örnámi og styttri námsleiðum á framhaldsskóla- og háskólastigi.

6. Bætt málsmeðferð umsókna um atvinnu- og dvalarleyfi erlendra sérfræðinga



Markmið aðgerðarinnar er að koma á einfaldara, hraðara og skilvirkara kerfi um atvinnu- og dvalarleyfi erlendra sérfræðinga.

Gert er ráð fyrir að umsýsla og útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa erlendra sérfræðinga verði sameinuð í einn farveg hjá Útlendingastofnun. Betri málsmeðferð verður meðal annars náð fram með skýrari forgangsröðun og aukinni stafvæðingu umsókna.

Samhliða þessu verður unnið að því að styrkja getu stjórnvalda til að meta gögn umsækjenda, þar á meðal gögn til staðfestingar á sérfræðipækkingu og hæfi. Markmiðið er að til Íslands komi sannanlega hæfir sérfræðingar sem skortur er á, og að málsmeðferð sé í samræmi við lög, reglur og hagsmuni samfélagsins.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Dómsmálaráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Tryggjum færni til framtíðar.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagabreyting sem tryggir sameiningu afgreiðslu atvinnu- og dvalarleyfa undir einni stofnun. Uppfærð reglugerð varðandi erlenda sérfræðinga. Verklagsreglur um forgangsröðun við úrvinnslu umsókna. Skýrar leiðbeiningar fyrir umsækjendum um atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga.

7. Skattaafsláttur til handa aðfluttum sérfræðingum



Markmið aðgerðarinnar er að auka aðdráttarafl Íslands fyrir erlenda sérfræðinga og styrkja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum vinnumarkaði.

Núverandi fyrirkomulag veitir að uppfylltum skilyrðum 25% lækkun á tekjuskatti fyrstu þrjú árin frá ráðningu. Aðgerðin felur í sér lengingu gildistíma úrræðisins til að bæta kjör, styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart erlendum sérfræðingum og þannig styðja við þekkingar- og verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Fjármála- og efnahagsráðuneytið og starfshópur sem skipaður er samkvæmt lögum til að afgreiða umsóknir.

SAMSTARFSADILAR Atvinnuvegaráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Tryggjum færni til framtíðar; Eflum vísindi og nýsköpun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning.

Vísindi og nýsköpun sem drifkraftur verðmætasköpunar



Markmið forgangsverkefnisins er að fylgja eftir almennri stefnuáherslu atvinnustefnunnar um að efla vísindi og nýsköpun. Aðgerðir þessa forgangsverkefnis lúta að því að bæta umgjörð vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar hér á landi, enda styðja þessi svið við fjölbreytta atvinnuuppbyggingu, samkeppnishæfni og ný útflutningstækifæri.


Í samræmi við markmið atvinnustefnunnar verður unnið að því að byggja upp öflugan innviði fyrir rannsóknir og nýsköpun, einfalda regluverk og tryggja fyrirsjáanlega fjármögnun.

Lögð er áhersla á að opinber stuðningur við rannsóknir og þróun verði markviss og gagnsær, með skýrum áherslum og einfaldari ferlum. Jafnframt verður tryggt að öflugir samkeppnissjóðir styðji við grunnrannsóknir sem ásamt nýsköpun og tækniþróun í atvinnulífinu skapi fjölbreytt útflutningstækifæri.

Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu innviða á sviði gervigreindar, tækni- og hugverkaiðnaðar og líf- og heilbrigðistækni, og stuðningur við þróun lausna í loftslags- og orkumálum. Með virku samstarfi rannsóknaaðila, atvinnulífs og stjórnvalda má bæta hagnýtingu rannsókna og styrkja stöðu Íslands á sviðum þar sem landið hefur samkeppnisforskot og góða möguleika til árangurs.



1. Lífeyrissjóðum veitt aukið frelsi til fjárfestinga



Markmið aðgerðarinnar er að endurskoða lagaumgjörð lífeyrissjóða með hliðsjón af breyttum aðstæðum og styðja þannig við verðmætasköpun og framleiðnivöxt í hagkerfinu.

Gerðar verða breytingar sem miða að því að draga úr magntakmörkunum á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða þannig að þeir geti ráðstafað fjármagni með sveigjanlegri og skilvirkari hætti til fjárfestinga. Samhliða verður áfram lögð áhersla á trausta áhættu-stýringu, dreifingu eigna og langtímahagsmuni sjóðfélaga.

TÍMARAMMI Vor 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Fjármála- og efnahagsráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Landssamtök lífeyrissjóða og Seðlabanki Íslands.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Eflum vísindi og nýsköpun; Einföldum regluverk.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning. Yfir lengri tíma verða áhrif mæld í auknum fjárfestingum lífeyrissjóða í nýsköpun.

2. Skilvirkari miðlun sparnaðar



Markmið aðgerðarinnar er að bæta miðlun innlends sparnaðar til fjárfestinga og auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að taka þátt í verðmætasköpun og framleiðnivexti.

Þrátt fyrir hátt sparnaðarstig á Íslandi er tækifæri til að bæta miðlun sparnaðar þannig að hann nýtist betur til fjármögnunar fyrirtækja, þar á meðal nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækja. Verkefnið felur í sér að auðvelda almenningi að fjárfesta með skilvirkum hætti.

TÍMARAMMI Vor 2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Fjármála- og efnahagsráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Eflum vísindi og nýsköpun; Einföldum regluverk.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning. Yfir lengri tíma verða áhrifin einnig metin með hliðsjón af aukinni beinni þátttöku almennings við fjármögnun fyrirtækja.

3. Gervigreindarinnviðir í þágu atvinnulífs og samfélags



Markmið aðgerðarinnar er að tryggja ábyrga og samkeppnishæfa uppbyggingu gervigreindarinnviða sem stuðli að aukinni framleiðni, verðmætasköpun og gæðum í opinberri þjónustu.

Verkefnið felur m.a. í sér fjárfestingu í reikniinnviðum og vélbúnaði í samstarfi hins opinbera og einkaaðila, með áherslu á gagnaöryggi, menningarlega sérstöðu og gervigreindarfullveldi sem tryggir örugg yfirráð yfir tæknilausnum og mikilvægum gögnum. Leitast verður við að tryggja að fjárfestingar í innviðum styðji jafnframt við þekkingaruppbyggingu og virðisaukandi starfsemi á Íslandi. Þá verður vinna hafin við þróun og rekstur íslensks mállíkans í samstarfi við alþjóðleg tæknifyrirtæki, með það að markmiði að styrkja stafræna notkun íslenskrar tungu, efla stafrænt þjóðaröryggi og bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.


SAMSTARFSAÐILAR Forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, undirstofnanir og fyrirtæki á sviði gervigreindar.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Eflum vísindi og nýsköpun; Nýsköpun og tækniþróun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 1,1 ma.kr.

AFURÐ Aukin fjárfesting í reikniinnviðum og vélbúnaði fyrir þróun og notkun gervigreindar, í samstarfi opinberra aðila og einkaaðila. Fyrstu áfangar í þróun á íslensku mállíkani.

4. Stuðningur við nýsköpun á sviði kolefnisföngunar frá staðbundnum iðnaði



Markmið aðgerðarinnar er að hraða samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum iðnaði sem fellur undir ETS-kerfi Evrópusambandsins og styrkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar í orkuskiptum og loftslagsumbreytingu.

Staðbundinn iðnaður stendur frammi fyrir vaxandi kröfum um samdrátt í losun og kolefnishlutleysi, samhliða vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Aðgerðin felur í sér markvissan stuðning stjórnvalda við rannsóknir, þróun og innleiðingu tæknilausna til kolefnisföngunar við uppruna losunar. Lögð verður áhersla á samstarf við atvinnulífið, háskóla-samfélagið og alþjóðlega aðila til að hraða þróun og prófun slíkra lausna.

TÍMARAMMI 2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Loftslags- og orkusjóður.


SAMSTARFSADILAR Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Eflum vísindi og nýsköpun; Loftslag.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Afurð aðgerðarinnar verður hagkvæm tækni sem dregur úr losun, nýtist á fleiri sviðum og styrkir samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ásamt því að skapa ný tækifæri til verðmætasköpunar innanlands og á alþjóðavettvangi.

5. Bætt starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja



Markmið aðgerðarinnar er að einfalda og styrkja laga- og skattalega umgjörð nýsköpunarfyrirtækja til að efla samkeppnishæfni Íslands og bæta aðgengi fyrirtækja að hæfu vinnuafli og fjármagni.

Regluverk verður endurskoðað, meðal annars um kauprétti, hlutdeild erlendra sérfræðinga og stjórnarmanna, skattskyldu hagnaðar erlendra aðila og VSK-skráningu sprotafyrirtækja. Jafnframt verða innkaupareglur ríkisins endurskoðaðar til að greiða leið fyrir nýskapandi hugmyndir og lausnir á markaði.

Afurðir aðgerðarinnar verða breytingar á regluverki sem ætlað er að bæta rekstrarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja, styðja við vöxt þeirra og alþjóðlega samkeppnishæfni.

TÍMARAMMI Vor 2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Fjármála- og efnahagsráðuneytið, forsætisráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Rannís og Skatturinn.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Eflum vísindi og nýsköpun; Einföldum regluverk; Nýsköpun og tækniþróun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning.

6. Markviss og öflugur stuðningur við rannsóknir og nýsköpun



Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að opinber stuðningur við rannsóknir, þróun og nýsköpun skili aukinni framleiðni, verðmætasköpun og atvinnutækifærum um land allt.

Aðgerðin felur í sér endurskoðun laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, samkeppnissjóði og aðra opinbera fjármögnun með það að markmiði að auka skilvirkni, einfalda ferla og skerpa á árangursmati. Áhersla verður lögð á gagnsæi, yfirsýn yfir dreifingu opinbers stuðnings og skýra tengingu við forgangsverkefni atvinnustefnunnar. Horft verður til samþættingar við alþjóðlegt samstarf og samvinna eflid við einkaaðila til að hraða fjármögnun og innleiðingu nýrra lausna í atvinnulífi og opinberri þjónustu.

Sérstök áhersla verður lögð á markvissan stuðning á sviði gervigreindar, tækni- og hugverkaiðnaðar, líf- og heilbrigðistækni og við þróun lausna í loftslags- og orkumálum. Einnig verður áhersla á aukinn útflutning, framleiðni og alþjóðlega samkeppnishæfni skapandi greina. Með virku samstarfi rannsóknaaðila, atvinnulífs og stjórnvalda má bæta hagnýtingu rannsókna og styrkja stöðu Íslands á sviðum þar sem landið hefur samkeppnisforskot og möguleika til árangurs.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Rannís, Skatturinn, Nýsköpunarsjóðurinn Kría og hagaðilar á sviði rannsókna og nýsköpunar.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Eflum vísindi og nýsköpun; Tryggjum færni til framtíðar; Einföldum regluverk; Nýsköpun og tækniþróun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning.

7. Öflugir innviðir fyrir rannsóknir og nýsköpun í tækni- og hugverkaiðnaði



Markmið aðgerðarinnar er að styrkja tækniinnviði og samnýtingu þeirra til að styðja vísindafólk og frumkvöðla í tækni- og hugverkaiðnaði og samkeppnishæfni Íslands á sviði djúptækni og hugverka.

Aðgerðin felur í sér gerð þarfagreiningar og markvissa uppbyggingu rannsóknar- og prófunaraðstöðu í samstarfi við háskóla og fyrirtæki, meðal annars við DjúptækniSETUR á vegum Vísindagarða Háskóla Íslands og TækniSETUR ehf., og innviðaverkefna á vegum háskóla um land allt. Áhersla verður lögð á öflugt deilihagkerfi og aukna samnýtingu innviða til að tryggja skilvirka nýtingu fjárfestinga.

Innviðasjóður verður eflður og þátttaka aukin í alþjóðlegu samstarfi til að tryggja aðgengi að fremstu rannsóknar- og prófunaraðstöðum og styrkja stöðu íslensks tækni- og hugverkaiðnaðar.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, félags- og húsnæðismálaráðuneytið, háskólar og stofnanir og fyrirtæki á sviði tækni og hugverkaiðnaðar.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Eflum vísindi og nýsköpun; Nýsköpun og tækniþróun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma árið 2027.

AFURÐ Kortlagning og áætlun um uppbyggingu rannsóknar- og tækniinnviða í samstarfi opinberra aðila og einkaaðila. Uppfærður vegvísir um Innviðasjóð og samnýtingu rannsóknar- og tækniinnviða.

8. Líf- og heilbrigðistækni sem mikilvæg stoð í útflutningi



Markmið aðgerðarinnar er að auka verðmætasköpun og útflutning í líf- og heilbrigðistækni með markvissri uppbyggingu á grunni sérstöðu Íslands í lífvísindum, erfðagögnum og heilbrigðisþjónustu.

Aðgerðin beinist að því að efla samstarf háskóla og atvinnulífs um rannsóknir, framhaldsnám og frumkvöðlastarf á sviði lífvísinda og heilbrigðistækni. Lögð verður áhersla á uppbyggingu rannsókn- og gagnainniðnaða, þróun prófunaraðstöðu innan heilbrigðiskerfisins og aukið samstarf stofnana og sprotafyrirtækja um innleiðingu nýrra lausna.

Jafnframt verða fjárfestingar eflar í samstarfi við atvinnulífið, meðal annars með stuðningi nýsköpunarsjóðsins Kríu, til að hraða innleiðingu lausna og styrkja útflutningsgetu greinarinnar.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Heilbrigðisráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, háskólar, heilbrigðisstofnanir og fyrirtæki.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Styrkjum innviði; Eflum vísindi og nýsköpun; Tryggjum færni til framtíðar; Heilsa.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 200–400 m.kr.

AFURÐ Nýjar lausnir í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við Stafræna heilsu, og með stuðningi Heilsu-Kríu.

9. Samkeppnishæfni skapandi greina



Markmiðið er að auka útflutning og framleiðni í skapandi greinum með markvissri sókn á alþjóðamörkuðum.

Þrátt fyrir sterka stöðu Íslands í nýsköpun samkvæmt Alþjóðahugverkastofnuninni endurspeglast sá styrkur ekki í útflutningi skapandi afurða. Mótun verður sértæk aðgerðaáætlun fyrir hverja grein, hvatar og fjárfestingarumgjörð styrkt og hrint í framkvæmd samræmdu markaðs- og útflutningsátaki í samstarfi við atvinnulífið og menningarstofnanir.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Íslandsstofa og menningar- og listamiðstöðvar.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum; Upplifun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Aðgerðaáætlanir.

Sátt um öflugar auðlindagreinar



Markmið forgangsverkefnisins er að styrkja stöðir mikilvægra auðlindagreina með skýrri og fyrirsjáanlegri umgjörð sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu, aukinni verðmætasköpun og samfélagslegri sátt til framtíðar.

Auðlindagreinar hafa um langt skeið verið burðarás íslensks hagkerfis og skapað fjölbreytt störf og tekjur um land allt. Samhliða vexti þeirra aukast kröfur um gagnsæi, sjálfbærni og skýra ábyrgð. Til að tryggja áframhaldandi samkeppnishæfni og samfélagslega sátt þarf að móta stöðugt og einfalt regluverk, skilvirka stjórnsýslu og sanngjarna gjaldtöku sem endurspeglar nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda.

Forgangsverkefnið felur í sér margvíslegar umbætur á umgjörð ferðaþjónustu, sjávarútvegs og lagareldis með það að markmiði að styðja við kröftuga verðmætasköpun með einfaldri stjórnsýslu og gjaldtöku sem nýtist við uppbyggingu og álagsstýringu. Í þessu efni þarf að taka tillit til sérstöðu greinanna og ólíkra áskorana þeirra. veiðigjöld hafa verið leiðrétt en nauðsynlegt er að efla hafrannsóknir til að styðja við frekari verðmætasköpun. Þá kallar ör vöxtur lagareldis á verulegar umbætur í umhverfi þeirra svo greinarnar megi vaxa áfram í sátt við umhverfi og samfélag. Í ferðaþjónustu, sem er stærsta útflutningsgrein landsins, er tímabært að ráðast í umbætur eftir mikinn vöxt undanfarin 15 ár; stuðla að heilsársferðamennsku, einfalda verulega stjórnsýslu og regluverk og koma á gjaldtöku á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón ríkisins til að tryggja fé til uppbyggingar innviða og rannsókna og til að standa undir kostnaði við markaðssetningu.

Jafnframt er lögð áhersla á að skapa fyrirsjáanlegt fjárfestingarumhverfi, tryggja jafnræði í skattalegri meðferð og móta skýra stefnu á nýjum sviðum þar sem Ísland hefur sérstöðu, svo sem á sviði kolefnisstjórnunar.

Með þessum aðgerðum er leitast við að tryggja jafnvægi milli nýtingar og verndar, vaxtar og ábyrgðar, með samfélagslega sátt að leiðarljósi. Skýr umgjörð, gagnsæ stjórnsýsla og öflug þekkingaruppbygging eru forsenda þess að náttúruauðlindir landsins nýtist þjóðinni allri og verði áfram grundvöllur verðmætasköpunar um land allt.

Samhliða leggja íslensk stjórnvöld áfram höfuðáherslu á að bæta aðgang íslenskra útflytjenda að mörkuðum erlendis með markvissri hagsmunagæslu og þróun viðskiptasambanda.

1. Náttúru- og innviðagjald á ferðamannastöðum



Markmið aðgerðarinnar er að skapa skýra og sjálfbæra umgjörð um gjalddöku á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón ríkisins.

Sett verða ný heildarlög um gjalddöku á ferðamannastöðum sem kveða á um gjaldskyldu, framkvæmd, umsýslu og eftirlit. Með lögunum verður komið á samræmdu og gagnsæju kerfi sem tryggir sanngjarnt og fyrirsjáanlegt afgjald fyrir nýtingu náttúru og innviða.

Tekjur munu standa undir uppbyggingu, viðhaldi, öryggi og vernd, auk þess að fjármagna kostnað ríkisins af ferðapjónustu, m.a. við markaðssetningu og rannsóknir.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Fjármála- og efnahagsráðuneytið, forsætisráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Uppbygging um land allt; Auðlindir í allra þágu; Styrkjum innviði; Upplifun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Löggjöf. Árangur verður einnig metinn út frá því hversu vel innleiðing gengur og hvernig tekjur skila sér til uppbyggingar, viðhalds, öryggis og verndar.

2. Einföldun stjórnsýslu og regluverks í ferðapjónustu



Markmið aðgerðarinnar er að stuðla að einföldu og skýru starfsumhverfi og skilvirkri stjórnsýslu í ferðapjónustu.

Ráðist verður í heildarendurskoðun á stjórnsýslu ferðamála og umsýslu opinberra sjóða með það að markmiði að draga úr tvíverknaði og einfalda og skýra regluverk. Helstu leyfisveitingar og samskipti fyrirtækja við stjórnvöld verða samræmd á einum stað. Eftirlit verður samhæft og skilvirkni aukin. Jafnframt verður lögð áhersla á öflun og miðlun grunnagna til að styrkja stefnumótun og samkeppnishæfni greinarinnar.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Viðeigandi stofnanir og hagaðilar.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Auðlindir í allra þágu; Einföldum regluverk; Upplifun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Úttekt á stjórnsýslu ferðamála og umbætur sem ráðist verður í á grundvelli hennar.

3. Markaðssetning Íslands sem ferðamannalands með skilvirkum hætti



Markmið aðgerðarinnar er að efla heilsársferðaþjónustu um land allt með markvissri og samræmdri opinberri markaðssetningu.

Ráðist verður í heildarendurskoðun á skipulagi, hlutverkaskiptingu og samningum um opinbera markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, með það að markmiði að skýra ábyrgð, auka samhæfingu og bæta nýtingu fjármuna.

Sett verða skýr árangursviðmið og gagnaöflun og greining eflað til að styðja við markvissa markaðssetningu og samkeppnisstöðu Íslands á alþjóðlegum mörkuðum. Jafnframt verður metin raunþörf á fjármagni til að ná settum markmiðum.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Utanríkisráðuneytið, Íslandsstofa, Ferðamálastofa og áfangastaðastofur landshlutanna.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Uppbygging um land allt; Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum; Upplifun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Endurskoðað skipulag markaðssetningar Íslands sem áfangastaðar.

4. Skýr lagaumgjörð um ábyrgð, öryggi og aðgengi á skilgreindum landsvæðum



Markmið aðgerðarinnar er að skýra ábyrgð, öryggi og umgengi á ferðamannastöðum og öðrum skilgreindum landsvæðum, óháð eignarhaldi.

Mótaðar verða tillögur að fyrirkomulagi þar sem kveðið er á um heimildir til að afmarka slík svæði og skilgreina ábyrgð á rekstri og öryggi. Jafnframt verða sett skilyrði um öryggi og náttúruvernd, mótaðar leiðir til fjármögnunar nauðsynlegra innviða- og öryggisaðgerða og skýrar heimildir til gjaldtöku fyrir aðgang þar sem það á við.

TÍMARAMMI Haust 2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, félags- og húsnæðismálaráðuneytið, innviðaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Auðlindir í allra þágu; Styrkjum innviði; Einföldum regluverk; Upplifun.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Skýrt skipulag um ábyrgð, öryggi og umgengi á ferðamannastöðum.

5. Efling hafrannsókna fyrir sjávarútveg



Markmið aðgerðarinnar er að styrkja laga- og stefnumótandi umgjörð Hafrannsóknarstofnunar og efla getu hennar til að sinna lykilhlutverki í sjálfbærri auðlindanýtingu.

Ráðist verður í heildarendurskoðun á hlutverki og umgjörð hafrannsókna með það að markmiði að skýra ábyrgð, styrkja rannsóknarinnviði og efla samþættingu rannsókna, tækniþróunar og atvinnustefnu. Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja öfluga gagnaöflun, nýtingu nýrrar tækni og markvissa þekkingaruppbyggingu á sviði hafrannsókna. Með þessu verður vísindalegur grunnur ákvarðanatöku um nýtingu auðlinda eflur og þar með einnig samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs.

TÍMARAMMI Vor 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Hafrannsóknastofnun.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Auðlindir í allra þágu; Eflum vísindi og nýsköpun; Matvæli.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning.

6. Endurskoðun regluverks og gjaldtöku í sjókvíaeldi



Markmið aðgerðarinnar er að tryggja sjálfbæran og samkeppnishæfan vöxt sjókvíaeldis með skýrari lagaumgjörð, skilvirkari stjórnsýslu og hvötum til umhverfissvænni framleiðsluhátta.

Lagaumhverfi greinarinnar verður endurskoðað með það að markmiði að samræma leyfisveitingar á hendi einnar stofnunar og samhæfa eftirlit. Jafnframt verða lögfestir hvatar sem styðja við fjárfestingu í umhverfissvænni eldisaðferðum, svo sem lokuðum kvíum og notkun ófrjórna laxa, auk aðgerða sem styðja við styttri tíma hvernar kynslóðar í hafi.

Innleidd verða sérstök smitvarnasvæði og endurskoðuð aðferðafræði við mat á burðarþoli, meðal annars með hliðsjón af meðaltali lífmassa yfir tíma.

Fiskeldisgjald verður jafnframt endurskoðað með það að markmiði að taka mið af afkomu greinarinnar fremur en veltu og tryggja samfélaginu sanngjarna hlutdeild í auðlindarentu.

TÍMARAMMI Vor 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Uppbygging um land allt; Auðlindir í allra þágu; Matvæli.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning.

7. Sérstök umgjörð um landeldi sem taki tillit til sérstöðu þess



Markmið aðgerðarinnar er að stuðla að sjálfbærum og fyrirsjáanlegum vexti landeldis með skýru og stöðugu regluverki sem tekur mið af sérstöðu starfseminnar.

Lagaumhverfi verður endurskoðað þannig að sett verði sérstök og afmörkuð umgjörð um landeldi aðgreind frá regluverki sjókvíaeldis. Leyfisveitingar verða á hendi einnar stofnunar og eftirlit samræmt. Reglur verða einfaldaðar og sniðnar að rekstrar- og umhverfislegum forsendum landeldis, með það að markmiði að skapa skýr fjárfestingarskilyrði og tryggja sjálfbæra uppbyggingu greinarinnar.

TÍMARAMMI Vor 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Atvinnuvegaráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Uppbygging um land allt; Auðlindir í allra þágu; Matvæli.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning.

8. Endurskoðun fasteignaskatts fyrir landeldi



Markmið aðgerðarinnar er að bæta samkeppnishæfni og fyrirsjáanleika rekstrarumhverfis landeldis með sanngjarnari og samræmdri álagningu fasteignaskatts og tryggja jafnræði við aðrar atvinnugreinar.

Farið verður yfir núverandi lagaumgjörð og hvernig flokkun fiskeldis samræmist flokkun annarra atvinnugreina, svo sem landbúnaði, þegar kemur að álagningu fasteignaskatts. Jafnframt verður ósamræmi í fasteignamati og álagningu á landsvísu tekið til skoðunar til að tryggja jafnræði og aukinn fyrirsjáanleika við framkvæmd.

TÍMARAMMI Haust 2026.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Innviðaráðuneytið.


SAMSTARFSADILAR Félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Matvæli.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Lagasetning ef greining sýnir fram á þörf.

9. Stefna um kolefnisstjórnun



Markmið aðgerðarinnar er að móta heildstæða og skýra stefnu um kolefnisstjórnun sem skapar fyrir sjáanlega laga- og rekstrarlega umgjörð og styður við uppbyggingu verðmætaskapandi starfsemi á sviði kolefnisföngunar, -bindingar, -nýtingar og -geymslu.

Unnið verður að mótun stefnu stjórnvalda um kolefnisstjórnun þar sem skilgreind verða markmið, ábyrgð og forgangsörðun verkefna á sviði kolefnisföngunar, -bindingar, -nýtingar og -geymslu, sem og förgunar kolefnis. Samhliða verður unnin heildstæð greining á laga- og reglugerðaumhverfi með það að markmiði að tryggja skýran lagaheimildaramma, skilvirka leyfisveitingaferla og öfluga umhverfisvernd.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Umhverfis- og orkustofnun og hagaðilar.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Einföldum regluverk; Eflum vísindi og nýsköpun; Loftslag.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Stefna.

10. Aðgengi að erlendum mörkuðum varið og bætt



Markmið aðgerðarinnar er að verja og bæta aðgang íslenskra útflytjenda að mörkuðum erlendis með markvissri hagsmunagæslu og þróun viðskiptasambanda.

Áhersla verður lögð á verkefni sem ætlað er að efla tvíhliða samskipti og ávinning af fríverslunarsamningum með hliðsjón af útflutningsstefnu stjórnvalda og atvinnulífsins, þar sem hagsmunir landsins kalla á sérstaka áherslu.

Á grundvelli samkomulags Íslands og Evrópusambandsins er stefnt að endurskoðun viðskiptakjara milli Íslands og ESB. Gætt verður að viðskiptahagsmunum gagnvart Bandaríkjunum og sótt fram á vaxandi mörkuðum, svo sem á Indlandi og í Mercosur-ríkjunum í Suður-Ameríku. Jafnframt verða viðskiptatengsl við Grænland og Færeyjar eflað m.a. með gerð viðskiptasamnings við Grænland.

TÍMARAMMI 2026–2027.

ÁBYRGÐARRÁÐUNEYTI Utanríkisráðuneytið.

FRAMKVÆMDAÐILI Utanríkisráðuneytið.

SAMSTARFSADILAR Önnur ráðuneyti og fulltrúar atvinnulífsins.

TENGING VIÐ VIÐFANGSEFNI OG STEFNUÁHERSLUR ATVINNUSTEFNU Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Innan ramma.

AFURÐ Bætt viðskiptakjör; viðskiptasamningar.



